

SKULDBINDANDI SAMNINGAR – 4 FORSÆTISRÁÐUNEYTI

ATHUGUN SEM EKKI LEIDDI TIL ÁBENDINGAR

JANÚAR 2012

Í árslok 2010 kallaði Ríkisendurskoðun eftir afritum allra rekstrar- og þjónustusamninga ríkisins. Eftir yfirferð þeirra ákvað stofnunin að skoða nánar eftirlit og eftirfylgni ráðuneyta og stofnana þeirra með skuldbindandi samningum sem greitt er eftir og mat þeirra á árangri þeirra. Í því skyni valdi stofnunin úr nokkur efnisatriði sem hún taldi mikilvægust í þessu sambandi. Jafnframt aflaði hún upplýsinga um það hvernig ráðuneyti og stofnanir þeirra stæðu að verki.

Ríkisendurskoðun hefur þegar birt eina ábendingu um útrunna samninga og þrjár skýrslur um skuldbindandi samninga einstakra ráðuneyta. Í þessari athugun er horft til forsætisráðuneytis.

Forsætisráðuneyti

Á árinu 2011 féll aðeins einn virkur samningur forsætisráðuneytis undir þá skilgreiningu sem Ríkisendurskoðun vinnur eftir í úttekt sinni. Um var að ræða samning til fimm ára við Vesturfarasetrið ses. á Hofsósi um þjónustu á sviði menningartengsla milli Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður-Ameríku. Áætlaður kostnaður vegna hans á árinu 2011 var 28 m.kr. Samningurinn rann út í árslok 2011 og óskaði ráðuneytið haustið 2011 eftir álit Ríkisendurskoðunar á rekstrarlegri stöðu setursins og forsendum áframhaldandi samnings.

Vesturfarasetrið á Hofsósi

Í samningi forsætisráðuneytis við Vesturfarasetrið varða eftirfarandi ákvæði eftirlit og eftirfylgni með þjónustunni:

- Vesturfarasetrið skal skila ráðuneytinu árlegri greinargerð um framgang þjónustunnar fyrir 1. október ár hvert. Að auki skal það skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðum ársreikningi fyrir starfseminna.
- Ráðuneytið skal ef þörf þykir gera athugasemdir við greinargerð Vesturfarasetursins fyrir 1. nóvember ár hvert.
- Greiðslur eru háðar því að ráðuneytið geri ekki athugasemdir við árlegar greinargerðir setursins og því að aðilar nái samkomulagi um framkvæmd þjónustunnar.
- Hefja skal viðræður um framhald þjónustunnar, þ.e. endurnýjun eða framlengingu samnings, á fyrri hluta árs 2011.

Eftirlit forsætisráðuneytis hefur að mestu farið fram með reglulegum samskiptum við framkvæmdastjóra setursins.

Gengið hefur verið úr skugga um að tilskilin gögn berist og þau skráð í málaskrá og yfirfarin með viðeigandi hætti áður en til greiðslu kemur. Árangur samningsins hefur ekki verið metinn formlega og er raunar ekki kveðið á um slíkt mat í honum. Við ákvörðunartöku um áframhaldandi samstarf við Vesturfarasetrið lítur ráðuneytið til mikilvægis þjónustunnar og fjárhagslegra forsendna. Samkvæmt athugun Ríkisendurskoðunar er rekstrarstaða setursins erfið.

Í samningnum eru ákvæði um að framlagi ráðuneytisins skuli ráðstafað með tilteknum hætti, þ.e. annars vegar til tilgreindra verkefna og hins vegar til uppbyggingar og viðhalds mannvirkja. Ráðuneytið hefur fylgst með skiptingu framlagsins en líka horft til verkefnisins í heild og hvort setrið veiti tilskilda þjónustu.

Mögulegar úrbætur

Ljóst er að reglulegar úttektir samninga og endurskoðun þeirra í framhaldi af því eru mikilvægir þættir í eftirliti og eftirfylgni ráðuneyta og stofnana þeirra. Slíkar úttektir á samningstíma geta sýnt fram á nauðsyn þess að breyta samstarfi, áherslum eða umsaminni þjónustu. Á sama hátt auðvelda úttektir undir lok samningstíma ákvarðanatöku um áframhaldandi samstarf með því að leiða í ljós árangur samnings, framkvæmd hans og meðferð fjárframlaga. Úttektir á samningstíma og undir lok samnings koma þó því aðeins að fullum notum ef samningar kveða skýrt á um markmið umsaminnar þjónustu og mælikvarða á hana.

Breytt forræði

Hinn 18. nóvember 2011 samþykkti ríkisstjórnin að flytja forræði í málefnum Vesturfarasetursins til mennta- og menningarmálaráðuneytis í samræmi við ábendingu Ríkisendurskoðunar í skýrslunni *Íslensk muna- og minjasöfn* (2009) og niðurstöður athugunar haustið 2011. Það ráðuneyti mun því héðan í frá annast samningsgerð við setrið og endurnýjun þjónustusamnings.

MEÐ TILLITI TIL ÞESSARA BREYTINGA SÉR RÍKISENDURSKOÐUN EKKI ÁSTÆÐU TIL AÐ BEINA ÁBENDINGUM TIL FORSÆTISRÁÐUNEYTIS VEGNA SKULDBINDANDI SAMNINGA.